



Samdráttur í neyslu í ágúst

Hertar samkomutakmarkanir í ágúst virðast hafa sett mark sitt á neyslu Íslendinga innanlands. Veltan jókst mun minna milli ára en undanfarna tvo mánuði.

Seðlabanki Íslands birti í gær gögn um veltu innlendra greiðslukorta í ágúst.¹ Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 71,4 mö.kr. og jókst um 2% milli ára miðað við fast verðlag. Greiðslukortavelta Íslendinga erlendis nam 9,5 mö.kr. í ágúst, sem er samdráttur upp á 48% milli ára. Samanlagt nemur kortavelta Íslendinga í ágúst um 81 mö.kr. sem er rúmlega 8% minni velta en í ágúst í fyrra miðað við fast verðlag og fast gengi.


Líkt og á síðustu mánuðum er samdrátturinn í neyslu Íslendinga fyrst og fremst drifinn áfram af samdrætti í neyslu erlendis. Innanlands virðist neyslan halda sér nokkuð vel, og heldur aukast.

Hertar sóttvarnaraðgerðir höfðu líklega áhrif

Aukningin í neyslu Íslendinga innanlands var mun minni í ágúst en á fyrri mánuðum sumarsins. Í júlí jókst kortaveltan um 12% að raunvirði milli ára og í júní um 17%. Hertar sóttvarnaraðgerðir tóku gildi í upphafi ágústmánaðar og mörgum samkomum var aflýst sem kann að vera skýringin á minni aukningu í neyslu. Áhrifin af hertum samkomutakmörkunum voru þó ekki jafn mikil og í fyrri bylgju faraldursins þegar neysla innanlands dróst saman um 13% milli ára í apríl, enda voru aðgerðir stjórnvalda innanlands mun mildari nú.


7.900 Íslendingar fóru út fyrir landsteinana í ágúst sem er 84% færri en í fyrra. Kortavelta Íslendinga erlendis dróst þó ekki saman nema um 48% milli ára sem er svipuð þróun og hefur sést síðustu mánuði, þ.e. kortavelta Íslendinga erlendis dregst mun minna saman en sem nemur fækkun erlendra ferðalaga.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.



Aukin neysla Íslendinga vegur ekki að fullu á móti samdrætti vegna fækkunar ferðamanna

Kortavelta Íslendinga innanlands var á sumarmánuðum júní-ágúst 10% meiri en í fyrra miðað við fast verðlag og 14% meiri ef litið er til kortaveltu í krónum talið. Þó um sé að ræða talsverða aukningu dugar hún ekki til þess að vega upp á móti samdrætti vegna fækkunar ferðamanna. Samanlögð kortavelta Íslendinga og ferðamanna innanlands² var tæplega 252 ma.kr. í sumar, til samanburðar við 286 ma. kr. í fyrrasumar. Þetta jafngildir samdrætti upp á 12% í krónum talið; 15% samdrætti ef litið er til veltu á föstu verðlagi.

Væntingar til næstu mánaða lækka á ný

Væntingar landsmanna til atvinnu- og efnahagsástandsins lækkuðu í ágúst og mældust á svipuðum stað og í apríl þegar fyrri bylgja faraldursins stóð sem hæst. Mat fólks á núverandi ástandi þokaðist þó aðeins upp milli mánaða í ágúst en væntingar til næstu 6 mánaða lækkuðu verulega í ágúst eftir bjartsýnisskeið í vor og sumar.


Það er því ljóst að Íslendingar eru ekkert sérlega bjartsýnir á komandi vetur þó svo að sumarið hafið verið þokkalegt.

Einkaneysla dregst saman

Þrátt fyrir kraftmeiri neyslu innanlands í vor en gera hefði mátt ráð fyrir í upphafi faraldursins, dróst einkaneysla talsvert saman á öðrum ársfjórðungi, eða um 8,3%, sem er mesti samdráttur síðan á þriðja ársfjórðungi 2009. Kortavelтугögn tímabilsins gefa til kynna að samdrátturinn hafi verið mismikill innan fjórðungsins, mestur í apríl og svo minni í maí og nánast enginn í júní.


Kortavelтугögn júlí- og ágúst mánaðar benda til þess að samdrátturinn verði ekki jafn mikill á þriðja ársfjórðungi og öðrum. Samanlagt hefur kortavelta dregist saman um 5% milli ára í júlí og ágúst en dróst saman um 12% milli ára á öðrum ársfjórðungi. Ef litið breytist varðandi útbreiðslu faraldursins á næstu vikum, má gera ráð fyrir því að samdrátturinn í kortaveltu verði minni á þriðja ársfjórðungi en öðrum og þróun einkaneyslu eftir því.

Væntingavísitala Gallup



Mánaðarleg gögn. Gildi yfir 100 sýnir að fleiri eru bjartsýnir en svartsýnir. Heimild: Gallup

Einkaneysla og kortavelta



Ársfjórðungsleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

² Erlend greiðslukortavelta í verslunum og þjónustu innanlands samkvæmt gögnum Seðlabanka Íslands.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.